

Ed.

673. Nefndarátt

um frumvarp til laga, um að landssjóður leggi Landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár.

Hin háttvirta efri deild hefir falið oss undirrituðum að athuga nefnt frumvarp, og viljum vjer hjermeð skýra frá áliti voru um það á þessa leið:

Samkvæmt lögum dags. 22. nóv. 1907 tók Landsbankinn árið 1909 gegn ábyrgð landssjóðs lán, að upphæð 2 miljónir króna, með $4\frac{1}{2}\%$ vöxtum, er vera skyldi afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en afborgast svo með 100 þúsund krónum á ári. Næsta ár byrja afborganirnar og minnar þá rekstursfje bankans ár frá ári, ef ekkert er að gjört. Þetta mundi geta haft tilfínnanlegar afleiðingar fyrir almenning, og til að koma í veg fyrir það, sjáum vjer eigi annað ráð vænlegra en að samþykkja frumvarpið; einn nefndarmanna (St. J.) álitur að vísu nóg í þetta sinn að gera ákvæði um afborganirnar næsta fjárhagstímabil, en meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Reykjavík 1. sept. 1913.

J. Havsteen
form.

Eiríkur Briem
skrifari og framsm.

H. J. Kristófersson.

Sig. Eggerz.

Steingrímur Jónsson.
með fyrirvara.